



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ /38/1444
komudagur 29. 3. 2010

Reykjavík, 26. mars 2010

Tilv.: 1003026

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins vegna frv. til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, 342. mál.

Samkeppniseftirlitið vill í tilefni af framangreindu frumvarpi vekja athygli á því að það hefur á undanförunum árum fjallað ítarlega um samkeppnisaðstæður í mjólkuriðnaði, sbr. t.d. álit Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2002, *Erindi Samtaka verslunar og þjónustu vegna verðlagningar verðlagsnefndar búvara á mjólkurvörum í heildsölu*, álit nr. 1/2006, *Opinberar samkeppnishömlur í mjólkuriðnaði*, og í álit nr. 1/2009, *Skaðleg samþjöppun í mjólkuriðnaði og áhrif búvörulaga á samkeppni*.

Í framangreindum álitum hefur þeim tilmælum ítrekað verið beint til landbúnaðarráðherra að beita sér fyrir því að unnið yrði gegn samráði afurðastöðva um framleiðslu og sölu á mjólkurvörum og aðra lykilþætti í samkeppni, s.s. að heimila samruna fyrirtækja á þessu sviði án þess að Samkeppniseftirlitið geti gripið til íhlutunar.

Skemmst er frá því að segja að í engu hefur verið farið að þeim tilmælum sem um er fjallað í umræddum álitum heldur hefur þvert á móti allt frá birtingu álitsins árið 2002 verið gengið lengra í þá átt að takmarka samkeppni, m.a. með því að heimila afurðastöðvum í mjólkuriðnaði að sameinast án afskipta samkeppnisyfirvalda eins og áður greinir. Afleiðing laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, er sú að í dag er vart hægt að tala um að samkeppni ríki á markaðnum. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 40/2009, Samruni Kaupfélags Skagfirðinga svf. og Mjólku ehf., var viðkomandi samruni talinn andstæður markmiðum samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið skorti hins vegar lagaheimild til að grípa til íhlutunar vegna ákvæða búvörulaga. Var þetta sérstaklega alvarlegt í því ljósi að sú samkeppni sem Mjólka veitti á mjólkurmarkaðnum hafði jákvæð áhrif fyrir samkeppnina og þar með hagsmuni neytenda og bænda. Eftir samrunann eru MS og KS, sem bundin eru nánnum eignar- og stjórnunartengslum, með nærri 100% markaðshlutdeild á markaði sem lýtur veigamiklum innflutningshömlum. Samkeppnislegt aðhald með starfandi fyrirtækjum er því hverfandi.

Ljóst er að framleiðsiu- og heildsölumarkaður mjólkurafurða hefur mikið vægi á matvörumarkaði. Af einstökum framleiðslugreinum í matvælaíðnaði er framleiðsla á mjólk og mjólkurafurðum fyrirferðamest en ekki er óvarlegt að álykta að um 15-20% af neysluútgjöldum vegna matvæla hér á landi fari til kaupna á mjólk- og mjólkurvörum. Í




Því ljósi hefur Samkeppniseftirlitið talið afar mikilvægt að fylgjast náið með umræddum markaði, enda miklir hagsmunir í húfi, bæði fyrir neytendur og bændur.


Samkeppniseftirlitið hefur því um árabii hvatt til þess að búvörulögin yrðu tekin til heildstæðrar endurskoðunar þar sem þau samkeppnissjónarmið sem rakin hafa verið í áðurnefndum álitum Samkeppniseftirlitsins yrðu höfð til hliðsjónar.

Í greinargerð með því frumvarpi sem hér er til skoðunar er nefnt að með breytingunum verði m.a. skilyrði fyrir samkeppni bætt. Með vísan til framangreinds er ljóst að ganga þarf miklu lengra í breytingum á búvörulögum, ef vilji löggjafans stendur til þess að greiða fyrir samkeppni. Nægir þar að nefna afnám 13. gr. og 71. gr. laganna sem heimilar mjólkurafurðastöðvum samráð og samruna án afskipta Samkeppniseftirlitsins. Þessi lagaákvæði hafa þegar valdið neytendum og bændum tjóni, eins og áður er rakið. Í frumvarpinu er ennfremur vikið að því að með því verði innlendum mjólkurafurðastöðvum gert betur kleift að takast á við samkeppni frá útlöndum, eins og það er orðað. Um þetta vill Samkeppniseftirlitið benda á að fyrirtæki sem ekki búa við virka samkeppni á heimamarkaði, hafa eðli máls samkvæmt litla hvata til að halda niðri kostnaði eða hagræða í rekstri. Af því leiðir að þau eru ekki undir það búin að mæta virkri samkeppni erlendis frá. Enda er vandséð hvernig fyrirtæki sem ekki eru talin geta keppt á innanlandsmarkaði eigi að geta keppt á stærri alþjóðlegum samkeppnismörkuðum.

Samkeppniseftirlitið telur rétt að koma þessum sjónarmiðum að og hvetja til þess að gengið verði mun lengra í að bæta samkeppnisskilyrði á markaðnum, sbr. þau álit sem vísað er til hér að ofan.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið


Páll Gunnar Pálsson


Örn E. Pálsson